

Upplýsingarit vegna Öxi 2014

Almennt


Öxi Þríþrautarkeppni verður haldin í 3ja skipti 28. júní árið 2014. Öxi er ævintýraleg keppni sem kennd er við fjallveginn Öxi sem tengir saman Berufjörð og Skriðdal. Þríþrautin Öxi hefst á sjósundi suður yfir Berufjörð. Eftir það er hjólað á malarvegi inn Berufjarðadal og uppá Öxi sem fer hæst í um 530 m hæð. Þar er stigið af hjólinu og hlaupið yfir Fossárfell niður í Fossárdal útí Eyjólfsstaði. Þar er aftur stigið á hjól og hjólað útá Djúpvavog þar sem þrautin endar.

Sundið

Synt er af Staðareyri við norðanverðan Berufjörð u.þ.b. 700 m. Skylda er að synda í búningi. Sjórinn er mjög hreinn á þessum stað og hitastigið var 6,5°C árið 2013 en örlítið kaldari árið áður. Keppendur eru ræstir allir í einu. Þar sem komið er í land sunnanmegin í firðinum eru keilur sem keppendur þurfa að ganga á land á milli. Þegar komið er yfir línu sem dregin er á jörðin telst sundinu lokið. Þegar keppt er í liðum má hjólreiðamaðurinn stökkva af stað en skiptitími fer annars í gang.

Fyrri hjólaleggur


Hjólin eru staðsett á grasbalanum ofan við skiptisvæðið rétt við veginn. Keppendur þurfa að teyma hjólið uppá veginn og geta þá hjólað af stað 13 km leið. Leggurinn er á mól alla leið. Fyrsti hluti leiðarinnar er nokkuð sléttur en svo fer hækkandi upp í 530 m hæð. Þegar efst á Öxi er komið er beygt útaf veginum á vel merktum stað og hjólaðir 100 m á slóða þar sem skiptisvæði er fyrir hlaupið. Hér að neðan má sjá hæðarprófil fyrir þessa leið.



Hlaupið


Hlaupið sem er um 19 km hefst þar sem hjólreiðaleggurinn endar. Byrjað er að hlaupa á vegslóða upp 3 hjalla en eftir það er beygt út af veginum og hlaupið út sama hjallann þar til fer að halla til Fossárdals. Leiðin er merkt með baggaspotta sem að hefur verið valin góð leið til þess að keppendur

lendi ekki í vandræðum við að velja sér leið. Það er því ekki hættu á að villast þegar spottinn er alltaf milli lappa keppenda. Þegar niður í Fossárdal er komið eftir u.þ.b. 6 km er hlaupið á vegslóða þar til hlaupið er á enda. Skiptistaður er við Gistihúsið að Eyjólfsstöðum. Þar bíða hjólin sem hafa verið flutt af Öxi fyrir keppendur.



Seinni hjólaleggur

Seinni hjólaleggurinn hefst við Gistihúsið að Eyjólfsstöðum. Hjólað er eftir malarvegi 2 km um 70 m lækkun. Þegar komið er niður að Þjóðvegi 1 er hjólað á malbiki sem leið liggur út á Djúpvog. Þar endar keppnin við skrifstofu Sveitarfélagsins í Geysi á vel merktum stað í miðju bæjarins.



Dekk og Hjólaskipti

Keppendur mega hjóla á eins hjóli og þeir vilja. Flutningur keppnishjóla milli staðarins þar sem fyrri hjólalegg lýkur þangað sem seinni hjólaleggur byrjar er í höndum keppnisstjórnar. Keppendur mega nota 2 hjól í keppnina ef þeir vilja og einnig má aðstoðarmaður keppanda skipta um dekk. Árið 2013 hjólaði meirihluti keppenda á fjallahjóli í fyrri legnum og fyrstu 2 km í seinni legg en skiptu svo yfir á racer-hjól þar sem malbikið hófst.

Drykkjarstöðvar

Drykkir eru í boði á öllum skiptisvæðum auk þess sem drykkjastöð er í Víðidal eftir u.þ.b. 6 km af hlaupinu.

Keppnisgjald

Keppnisgjaldið er 5.000 kr. Keppendur skulu leggja peninginn inná reikning 1147-26-2799 kt. 570992-2799. Innifalið í keppnisgjaldinu er öll umsýsla keppnisstjórnar auk þess sem keppendur fá bol keppinnar og frítt í sund eftir keppni. Skráning fer fram á oxi2014@djupivogur.is.

Hægt er að fylgjast með á Facebook nánar tiltekið <https://www.facebook.com/OxiKeppni> og einnig á djupivogur.is.